

## Reykjalundur endurhæfing ehf.

### 58. fundur stjórnar mánudaginn 13. janúar 2025 kl. 8:15-9:45 í Grímansfelli

Boðaðir eru: Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir (GBS), Gunnar Ármannsson (GÁ), Aldís Stefánsdóttir (AS), Arna Harðardóttir (AH) varamaður.

Forföll: Pétur Magnússon, forstjóri

Fundarritari: Arna Harðardóttir

Gestir: Óskar Jón Helgason framkvæmdastjóri (ÓJH), Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir, fjármálastjóri (SKK), Guðmundur Ingvarsson (GI)

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir

Beðin með undirritun fundargerðar nr. 57 – 16. desember 2024 til næsta fundar.

#### 2. Helstu atriði í starfseminni (GBS)

Samningur við SÍ framlengdur til 30. september 2025. Undirbúningsvinna við nýjan samning að fara í gang. Endurskoðun og ráðgjöf hættir að vinna fyrir Reykjalund og SÍBS. Finna þarf nýja endurskoðendur. Nýr fjármálastjóri er að fara að byrja. Árið 2025 er 80 ára afmælisár Reykjalundar (1. Febrúar). Afmælisráðstefna um endurhæfingu verður 12. Febrúar, 2025.

#### 3. Fjármál Reykjalundar (SKK)

SKK fer yfir stöðu fjármála og sjóðstreymis. Farið yfir viðhaldskostnað 2023 - 2024. Farið yfir áætlaða rekstrarútkoma ársins 2024. Áætlun ársins 2025 ekki tilbúin.

#### 4. Húsnæðismál Reykjalundar (ÓJH)


ÓJH fer yfir tímalínu og samskipti við Verksýn frá því að þurfti að loka húsnæði Reykjalundar. Farið yfir stöðu á leigumálum. Umræður um lausnir. Stjórn óskar eftir því að fá skoðun á húsnæðinu. Farið yfir nauðsynleg viðhaldsverkefni á árinu. Umræða um samskipti við SÍBS vegna eignaumsjónar m.a. skipting húsnæðiskostnaðar milli Reykjalundar endurhæfingar ehf. og Eignaumsjónar SÍBS.

#### 5. Önnur mál.

- Samskipti við SÍBS. Umræður
- AH og GÁ óska eftir að mars fundurinn verði færður t.d. til 3. eða 17. mars. Ákveðið á næsta fundi.

Fundi slitið kl 10:00

Næsti fundur stjórnar: 10. febrúar, kl 8:15-9:45.

  
Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir  
Aldís Stefánsdóttir  
Arna Harðardóttir